

# Knattspyrnudeild Fjölnis

---

Ársreikningur

**2023**



---

Knattspyrnudeild Fjölnis  
Fossaleyni 1  
112 Reykjavík  
631288-7589

## Rekstrarhlutar í ársreikningi

Meðfylgjandi ársreikningur inniheldur upplýsingar um neðangreinda rekstrarhluta.  
(merkið X framan við hverja línu eins og við á)

<input checked="" type="checkbox"/>	Meistaraflokkur karla
<input checked="" type="checkbox"/>	2. flokkur karla
<input checked="" type="checkbox"/>	3. flokkur karla
<input checked="" type="checkbox"/>	4. flokkur karla
<input checked="" type="checkbox"/>	5. flokkur karla
<input checked="" type="checkbox"/>	6. flokkur karla
<input checked="" type="checkbox"/>	7. flokkur karla
<input checked="" type="checkbox"/>	8. flokkur karla

<input checked="" type="checkbox"/>	Meistaraflokkur kvenna
<input checked="" type="checkbox"/>	2. flokkur kvenna
<input checked="" type="checkbox"/>	3. flokkur kvenna
<input checked="" type="checkbox"/>	4. flokkur kvenna
<input checked="" type="checkbox"/>	5. flokkur kvenna
<input checked="" type="checkbox"/>	6. flokkur kvenna
<input checked="" type="checkbox"/>	7. flokkur kvenna
<input checked="" type="checkbox"/>	8. flokkur kvenna

*Ef um rekstarfélag/hlutafélag utan um tiltekinn/tiltekna rekstrarhluta er að ræða.  
Hvaða rekstrarhluta?*

---

## Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar knattspyrnudeildar UMF Fjölnis.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning knattspyrnudeildar UMF Fjölnis fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé áu verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum síðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, cinkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur 23. febrúar 2024.

Delotte ehf

  
Jónas Gestur Jónasson

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Knattspyrnudeildar UMF Fjölnis fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Aðalstarfsemi UMF Fjölnis er fjórtastarf.

Starfsemin á árinu	2023	2022
Rekstrartekjur félagsins námu.....	165,921,855	194,342,907
Hagnaður (tap) félagsins nam.....	(46,696,872)	1,460,000
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Eignir félagsins námu.....	11,878,797	39,973,462
Bókfært eigið fé nam.....	(31,173,903)	16,066,969
Eiginfjárhluftall félagsins nam.....	-262.4%	40.2%


### Tillaga til aðalfundar



Stjórn félagsins visar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn og framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar UMF Fjölnis staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun


Reykjavík, 23. febrúar 2024

### Í stjórn

  
Björgvin Jón Bjarnason  
formaður

  
Hjörleifur Þórðarson  
Form mál ráðs karla  
  
Trausti Harðarson  
Meðstjórnandi

Brynjar Bjarnason  
Varamaður

  
Arni Hermannsson  
varaformaður

Arnar Freyr Reynisson  
Gjaldkeri

Sigursteinn Brynjólfsson  
Ritari

### Framkvæmdastjóri

  
Guðmundur J. Gunnarsson

**TCP 21.1 - IXA**  
**Rekstrarreikningur**

Rekstrarreikningur - Tekjur	Skýring	2023	2022	Frávik	
				Kr.	%
<b>Tekjur</b>					
Miðasala		10.557.048	5.227.900	5.329.148	102%
Auglýsingar og samstarfsaðilar (sponsorar)		25.215.000	47.250.000	-22.035.000	-47%
Útsendingarréttur (Sjónvarp, útvarp o.fl.)		1.311.728	3.114.621	-1.802.893	-58%
Söluvarningur og veitingar		7.223.164	4.079.412	3.143.752	77%
Leigutekjur		0	0	0	0%
Aðrar rekstrartekjur		121.614.915	134.670.974	-13.056.059	-10%
<b>Heildartekjur</b>		<b>165.921.855</b>	<b>194.342.907</b>	<b>-28.421.052</b>	<b>-15%</b>
<b>Gjöld</b>					
Vörunotkun		12.669.858	9.125.966	3.543.892	39%
Laun og tengd gjöld	4	138.243.201	121.105.227	17.137.974	14%
Rekstur mannvirkja		1.031.501	1.807.115	-775.614	-43%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		2.691.385	1.702.386	988.999	58%
Annar rekstrarkostnaður		54.913.851	55.643.373	-729.522	-1%
Afskriftir og niðurfærsla		927.651	2.135.494	-1.207.843	-57%
				0	0%
<b>Heildargjöld</b>		<b>210.477.447</b>	<b>191.519.561</b>	<b>18.957.886</b>	<b>10%</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og söluhagnað (-tap)</b>		<b>-44.555.592</b>	<b>2.823.346</b>	<b>-47.378.938</b>	<b>-1678%</b>
Fjármunatekjur	3	437.422	144.346	293.076	203%
Fjármagnsgjöld	3	-2.578.702	-1.507.692	-1.071.010	71%
Söluhagnaður eigna		0	0	0	0%
Söluhagnaður leikmanna		0	0	0	0%
Sölutap eigna		0	0	0	0%
Sölutap leikmanna		0	0	0	0%
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	7	0	0	0	0%
<b>Samtals</b>		<b>-2.141.280</b>	<b>-1.363.346</b>	<b>-777.934</b>	<b>57%</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>		<b>-46.696.872</b>	<b>1.460.000</b>	<b>-48.156.872</b>	<b>-3298%</b>

TCP 21.1 - IXA  
**Rekstrarreikningur - Sundurliðanir**

Rekstrarreikningur - Tekjur	Skýring	2023	2022	Frávik	
				Kr.	%
<b>Tekjur</b>					
<b>Miðasala</b>					
Íslandsmótið		7.917.786	3.920.925	3.996.861	102%
Ársmiðar		2.639.262	1.306.975	1.332.287	102%
Bikarkeppnin		0	0	0	0%
Evrópukeppni UEFA fyrir félagslið		0	0	0	0%
Aðrir leikir (innanhússmót, vináttuleikir o.fl.)		0	0	0	0%
Miðasala samtals		10.557.048	5.227.900	5.329.148	102%
<b>Auglýsingar og samstarfsaðilar (sponsorar)</b>					
Aðalsamstarfsaðili (aðalsponsor)		10.000.000	31.510.000	-21.510.000	-68%
Aðrir samstarfsaðilar (sponsorar)		15.215.000	15.740.000	-525.000	-3%
Auglýsingaskilti við velli og önnur mannvirki		0	0	0	0%
Aðrar auglýsingatekjur		0	0	0	0%
Annað		0	0	0	0%
Auglýsingar og samstarfsaðilar (sponsorar) samtals		25.215.000	47.250.000	-22.035.000	-47%
<b>Útsendingarréttur (sjónvarp, útvarp o.fl.)</b>					
Íslandsmótið		1.230.478	3.114.621	-1.884.143	-60%
Bikarkeppnin		81.250	0	81.250	0%
Evrópukeppnir		0	0	0	0%
Aðrir leikir (innanhússmót, vináttuleikir o.fl.)		0	0	0	0%
Útsendingarréttur (Sjónvarp, útvarp o.fl.) samtals		1.311.728	3.114.621	-1.802.893	-58%
<b>Söluvarningur og veitingar</b>					
Söluvarningur		375.600	674.565	-298.965	-44%
Sala á rétti til veitingasölu		0	0	0	0%
Veitingasala		4.725.212	2.683.847	2.041.365	76%
Annað....		2.122.352	721.000	1.401.352	194%
Söluvarningur og veitingar samtals		7.223.164	4.079.412	3.143.752	77%
<b>Leigutekjur</b>					
Leigutekjur		0	0	0	0%
Leigutekjur samtals		0	0	0	0%

TCP 21.1 - IXA/2  
**Rekstrarreikningur - sundurliðanir**

Rekstrarreikningur - Tekjur	Skýring	2023	2022	Frávik	
				Kr.	%
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>					
Samningsgreiðslur/framlög sveitarfélaga		0	0	0	0%
Framlag frá UEFA					
Evrópukeppnir (greiðslur frá UEFA vegna þátttöku)		0	0	0	0%
Framlag UEFA til barna- og unglíngastarfs		0	0	0	0%
Annað		0	0	0	0%
Framlög frá KSÍ					
Framlag v. barna- og unglíngastarfs		0	0	0	0%
Framlag v. mannvirkja		0	0	0	0%
Framlag v. árangurs landsliða		0	0	0	0%
Framlag vegna leyfiskerfis		0	0	0	0%
Annað		0	0	0	0%
Félagaskipti					
Tekjur vegna félagaskipta leikmanna (seldir leikmenn)		4.700.000	19.922.680	-15.222.680	-76%
Leigutekjur vegna leikmanna		0	100.000	-100.000	-100%
Annað		0	0	0	0%
Ársgjöld iðkenda (æfingagjöld)		83.456.326	71.806.373	11.649.953	16%
Framlög þriðja aðila (ekki sponsor)					
Gjafir		0	0	0	0%
Styrkir og framlög		4.316.315	4.978.612	-662.297	-13%
Áhugamanna- og unglíngakeppnir		0	0	0	0%
Verðlaunafé (mót innanlands)		0	0	0	0%
Aðrar tekjur		29.142.274	37.863.309	-8.721.035	-23%
Aðrar rekstrartekjur samtals		121.614.915	134.670.974	-13.056.059	-10%
<b>Heildartekjur</b>					
		165.921.855	194.342.907	-28.421.052	-15%

TCP 21.1 - IXA/3  
**Rekstrarreikningur - sundurliðanir**

Rekstrarreikningur - Gjöld	Skýring	2023	2022	Frávik	
				Kr.	%
<b>Vörunotkun</b>					
Sjúkravörur		5.346.652	2.555.555	2.791.097	109%
Búningar, boltar o.fl.		7.323.206	6.495.568	827.638	13%
Aðrar vörur		0	74.843	-74.843	-100%
<b>Vörunotkun samtals</b>		<b>12.669.858</b>	<b>9.125.966</b>	<b>3.543.892</b>	<b>39%</b>
<b>Laun og tengd gjöld</b>					
<i><b>Launakostnaður leikmanna</b></i>					
Verktakagreiðslur		29.399.783	23.533.796	5.865.987	25%
Launagreiðslur					
Grunnlaun		0	0	0	0%
Bónusgreiðslur		0	0	0	0%
Dagpeninga- og ökutækjagreiðslur		0	0	0	0%
Aðrar greiðslur		0	0	0	0%
Launatengd gjöld (Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagj.)		0	0	0	0%
<i><b>Starfsmannakostnaður á skrifstofu</b></i>					
Verktakagreiðslur		0	0	0	0%
Launagreiðslur, dagpeningar, ökutækjastyrkur		0	0	0	0%
Launatengd gjöld (Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagj.)		0	0	0	0%
<i><b>Starfsmannakostnaður við meistaraflokk karla</b></i>					
Verktakagreiðslur		10.900.590	11.709.670	-809.080	-7%
Launagreiðslur, dagpeningar, ökutækjastyrkur		3.406.667	600.000	2.806.667	468%
Launatengd gjöld (Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagj.)		705.429	905.325	-199.896	-22%
<i><b>Starfsmannakostnaður við aðra flokka ka. og kvennafl.</b></i>					
Verktakagreiðslur		92.763.360	76.278.874	16.484.486	22%
Launagreiðslur, dagpeningar, ökutækjastyrkur		896.494	6.657.356	-5.760.862	-87%
Launatengd gjöld (Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagj.)		170.878	1.420.206	-1.249.328	-88%
<i><b>Annar starfsmannakostnaður</b></i>					
Verktakagreiðslur		0	0	0	0%
Launagreiðslur, dagpeningar, ökutækjastyrkur		0	0	0	0%
Launatengd gjöld (Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagj.)		0	0	0	0%
<b>Laun og launatengd gjöld samtals</b>		<b>138.243.201</b>	<b>121.105.227</b>	<b>17.137.974</b>	<b>14%</b>
<b>Rekstur mannvirkja</b>					
Húsaleiga		1.031.501	1.807.115	-775.614	-43%
Rafmagn, hiti og vatn		0	0	0	0%
Viðhald		0	0	0	0%
Tryggingar		0	0	0	0%
Fasteignagjöld		0	0	0	0%
Ræsting og hreinlætisvörur, sorphreinsun		0	0	0	0%
Öryggisþjónusta		0	0	0	0%
Annar húsnæðiskostnaður		0	0	0	0%
Annað....		0	0	0	0%
<b>Rekstur mannvirkja samtals</b>		<b>1.031.501</b>	<b>1.807.115</b>	<b>-775.614</b>	<b>-43%</b>



TCP 21.1 - IXA/4  
 Rekstrarreikningur - sundurlíðanir

Rekstrarreikningur - Gjöld	Skýring	2023	2022	Frávik	
				Kr.	%
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>					
Símakostnaður		87.480	84.680	2.800	3%
Pappír, prentun, ritföng og burðargjöld		0	0	0	0%
Tölvukostnaður		667.553	90.340	577.213	639%
Endurskoðun og reikningsskilþjónusta		0	0	0	0%
Lögfræðiþjónusta		0	407.130	-407.130	-100%
Önnur aðkeypt þjónusta		0	0	0	0%
Fundir og ráðstefnur		1.591.662	1.018.919	572.743	56%
Áhöld og tæki		0	0	0	0%
Gjafir og styrkir		0	0	0	0%
Risna		5.284	15.600	-10.316	-66%
Ýmis skrifstofukostnaður		0	0	0	0%
Annað....		339.406	85.717	253.689	296%
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals</b>		<b>2.691.385</b>	<b>1.702.386</b>	<b>988.999</b>	<b>58%</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>					
Kapleikjakostnaður					
Vallarleiga		0	0	0	0%
Miðasala, öryggisgæsla og sjúkravakt		0	0	0	0%
Dómarakostnaður		2.392.133	2.093.500	298.633	14%
Skemmtidagskrá á leikjum		0	0	0	0%
Bætur til andstæðinga		0	0	0	0%
Ferðakostnaður, æfingabúðir og hótélkostnaður		23.403.944	27.946.143	-4.542.199	-16%
Annað		0	395.458	-395.458	-100%
Útsendingarréttur (Sjónvarp, útvarp o.fl.)		0	0	0	0%
Félagaskipti					
Gjöld vegna félagaskipta leikmanna (keyptir leikmenn)		1.749.250	0	1.749.250	0%
Leigugreiðsla fyrir leikmenn		0	0	0	0%
Greiðslur til umboðsmanna		141.670	126.610	15.060	12%
Annað		0	1.049.850	-1.049.850	-100%
Kostnaður vegna áhugamanna- og unglingskeppna		0	0	0	0%
Auglýsingar		0	0	0	0%
Söluvarningur og veitingar		2.957.049	1.365.372	1.591.677	117%
Leigugjöld		0	0	0	0%
Rekstur bifreiða		0	0	0	0%
Annað....		24.269.805	22.666.440	1.603.365	7%
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>		<b>54.913.851</b>	<b>55.643.373</b>	<b>2.145.192</b>	<b>4%</b>
<b>Afskriftir og niðurfærsla</b>					
Verðgildi leikmanna		150.000	1.600.000	-1.450.000	-91%
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	777.651	535.494	242.157	45%
<b>Afskriftir og niðurfærsla samtals</b>		<b>927.651</b>	<b>2.135.494</b>	<b>937.349</b>	<b>44%</b>
<b>Heildargjöld</b>		<b>210.477.447</b>	<b>191.519.561</b>	<b>18.957.886</b>	<b>10%</b>

**TCP 21.1 - IXB**  
**Efnahagsreikningur**

Efnahagsreikningur	Skýring	31.12.2023	31.12.2022	Frávik	
				Kr.	%
<b>Eignir</b>					
<b>Fastafjármunir</b>					
Leikmenn	6	3.450.000	3.550.000	-100.000	-3%
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	3.110.606	2.141.976	968.630	45%
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum	7	0	0	0	0%
Fjárfestingaverðbréf		0	0	0	0%
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		0	0	0	0%
<b>Fastafjármunir alls</b>		<b>6.560.606</b>	<b>5.691.976</b>	<b>868.630</b>	<b>15%</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Vörubirgðir	8	0	0	0	0%
Viðskiptakröfur	9	5.318.191	15.929.769	-10.611.578	-67%
Kröfur á tengda aðila	17	0	0	0	0%
Aðrar skammtímakröfur	10	0	0	0	0%
Handbært fé	11	0	18.351.717	-18.351.717	-100%
<b>Veltufjármunir alls</b>		<b>5.318.191</b>	<b>34.281.486</b>	<b>-28.963.295</b>	<b>-84%</b>
<b>Samtals eignir</b>		<b>11.878.797</b>	<b>39.973.462</b>	<b>-28.094.665</b>	<b>-70%</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>					
<b>Eigið fé</b>	12				
Hlutfé		0	0	0	0%
Endurmatsreikningur leikmanna		3.006.000	3.550.000	0	0%
Óráðstafað eigið fé (Ójafnað tap)		-34.179.903	12.516.969	-46.696.872	-373%
<b>Eigið fé alls</b>		<b>-31.173.903</b>	<b>16.066.969</b>	<b>-47.240.872</b>	<b>-294%</b>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar (&gt; 1 ár)</b>					
Skuldir við lánastofnanir	13	0	0	0	0%
Aðrar langtímaskuldir og skuldbindingar	14	0	0	0	0%
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar alls</b>		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0%</b>
<b>Skammtímaskuldir (&lt; eða = 1 ár)</b>					
Skuldir við innlánsstofnanir		14.454.086	0	14.454.086	0%
Viðskiptaskuldir	15	5.275.519	1.694.982	3.580.537	211%
Næsta árs afborgun af langtímalánum	13	0	0	0	0%
Skuldir við tengda aðila	17	0	0	0	0%
Aðrar skammtímaskuldir	16	23.323.095	22.211.511	1.111.584	5%
<b>Skammtímaskuldir alls</b>		<b>43.052.700</b>	<b>23.906.493</b>	<b>19.146.207</b>	<b>86%</b>
<b>Skuldir alls</b>		<b>43.052.700</b>	<b>23.906.493</b>	<b>19.146.207</b>	<b>86%</b>
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>		<b>11.878.797</b>	<b>39.973.462</b>	<b>-28.094.665</b>	<b>-70%</b>

**TCP 21.1 - IXC**  
**Yfirlit um sjóðstreymi**

	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Afkoma fyrir fjármagnsliði og skatta	-44.555.592	2.823.346
Bakfærðir rekstrarliðir	927.651	2.135.494
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	13.563.418	6.876.215
Handbært fé frá rekstri án vaxta	-30.064.523	11.835.055
Innborgaðar vaxtatekjur	437.422	144.346
Greiddir vextir	-2.578.702	-1.507.692
Innborgaðar óreglulegar tekjur (gjöld)	0	0
Greiddir skattar	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-32.205.803</b>	<b>10.471.709</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Tekjur af sölu leikmanna	0	0
Kostnaður vegna leikmannakaupa	-600.000	-650.000
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	0	0
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	0	-340.641
Keyptar aðrar eignir	0	0
Söluverð annarra eigna	0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar alls</b>	<b>-600.000</b>	<b>-990.641</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Hlutfjárlaun	0	0
Arðgreiðslur	0	0
Hækkun/lækkun skammtímabankalána	14.454.086	0
Tekin ný langtímalán	0	0
Afborganir langtímalána	0	0
<b>Fjármögnunarahreyfingar alls</b>	<b>14.454.086</b>	<b>0</b>
<b>Aukning (minnkun) handbærs fjár</b>	<b>-18.351.717</b>	<b>9.481.068</b>
Handbært fé í upphafi árs	18.351.717	8.870.649
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<b>0</b>	<b>18.351.717</b>

TCP 21.1 - /1  
Skýringar

## Skýringar

## 1. Grunnupplýsingar félags

Nafn, rekstrarform og skipulag:

Ungmennafélagið Fjölnir, Knatt. Deild

Lögheimili:

Fossaleyni 1

Tímabil fjárhagsárs (frá, til) og lokadagur:

1.1.2023 - 31.12.2023

Framkvæmdastjórn félagsins:

(rekstrarstjórn: yfirstjórn félagsins)

Nafn og heimilisfang	Staða	Kjörinn til

Aðalstjórn félagsins:

(stefnumótandi ákvarðanir: eftirlitsstörf)

Nafn og heimilisfang	Staða	Kjörinn til

## 2. Reikningsskilaaðferðir

## Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur UMF Fjölnis fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

## Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

## TCP 21.1 - /2 Skýringar

---

### 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Viðskiptavild

Viðskiptavild er færð til eignar og annað hvort afskrifuð með kerfisbundnum hætti, þó ekki á lengri tíma en 20 árum, eða metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaþrósentu sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaði skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

#### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

#### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum er framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

#### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

## TCP 21.1 - /3 Skýringar

---

### 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Óefnislegar eignir

Verðgildi leikmanna er metið samkvæmt viðeigandi stuðlum um áramót. Heildarverðgildi leikmanna samkvæmt því mati er fært til eignar sem óefnislegar eignir meðal fastafjármuna. Endurmat á verðgildi leikmanna (þ.e. breyting á verðgildi leikmanns miðað við stuðul frá fyrra tímabili) færist á sérstakan endurmatsreikning meðal

Leikmenn eru metnir á kaupverði séu leikmenn keyptir á herra verði en stuðull segir til um, mismunur kaupverðs og stuðuls er afskrifaður í rekstrarreikningi á samningstíma leikmanns.

Hagnaður eða tap vegna sölu leikmanna er mismunur á milli söluverðs og stuðuls/bókfærðs verðs og er tekjufært/gjaldfært á söluári.

#### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

#### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

#### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

#### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

#### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

#### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

**TCP 21.1 - /4**  
**Skýringar****3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur greinast þannig:

	Núverandi ár	Fyrra ár
Aðrar vaxtatekjur	437.422	144.346
<b>Samtals</b>	<b>437.422</b>	<b>144.346</b>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Núverandi ár	Fyrra ár
Önnur vaxtagjöld	-2.578.702	-1.507.692
<b>Samtals</b>	<b>-2.578.702</b>	<b>-1.507.692</b>

**4. Laun og annar starfsmannakostnaður**

	Núverandi ár	Fyrra ár
Laun	4.309.161	7.257.356
Verktakagreiðslur	133.074.733	111.522.340
Lífeyrissjóður	566.688	901.794
Önnur launatengd gjöld	292.619	1.423.737
<b>Samtals</b>	<b>138.243.201</b>	<b>121.105.227</b>

**TCP 21.1 - /5**  
**Skýringar**

**5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð í ársbyrjun	3.902.539	3.902.539
Selt og aflagt á árinu		-
Viðbætur á árinu	1.746.281	1.746.281
Kostnaðarverð í árslok	5.648.820	5.648.820
Afskrifað í ársbyrjun	1.760.563	1.760.563
Afskrifað á árinu	777.651	777.651
Selt og aflagt á árinu		-
Afskrifað í árslok	2.538.214	2.538.214
Bókfært verð í ársbyrjun	2.141.976	2.141.976
Bókfært verð í árslok	3.110.606	3.110.606
Afskriftarhlutföll	20-35%	

**6. Leikmenn**

	Núverandi ár	Fyrri ár
Bókfært verðleikmanna í ársbyrjun	3.550.000	4.100.000
Eignfærðir leikmenn á árinu	600.000	650.000
Seldir og aflagðir leikmenn á árinu	-100.000	-1.600.000
Afskrifað á árinu	-150.000	
Matsbreytingar	-450.000	400.000
<b>Bókfært verð leikmanna í árslok</b>	<b>3.450.000</b>	<b>3.550.000</b>

**7. Viðskiptakröfur**

	Núverandi ár	Fyrri ár
Innlendar viðskiptakröfur	5.318.191	15.929.769
<b>Samtals</b>	<b>5.318.191</b>	<b>15.929.769</b>



Leyfiskerfi KSÍ

8. Handbært fé

	Núverandi ár	Fyrri ár
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	0	18.351.717
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>18.351.717</b>

9. Eigið fé

	Sérstakt endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	6.300.000	7.906.969	14.206.969
Nýtt hlutafé			-
Endurmat leikmanna	400.000		400.000
Aðrar breytingar	-3.150.000	3.150.000	-
Hagnaður/(tap) ársins		1.460.000	1.460.000
Eigið fé 1.1.2023	3.550.000	12.516.969	16.066.969
Nýtt hlutafé			-
Endurmat leikmanna	-544.000		-544.000
Aðrar breytingar			-
Hagnaður/(tap) ársins		-46.696.872	#####
Eigið fé 31.12.2023	3.006.000	-34.179.903	#####

10. Viðskiptaskuldir

	Núverandi ár	Fyrri ár
Innlendar viðskiptaskuldir	5.275.519	1.694.982
<b>Samtals</b>	<b>5.275.519</b>	<b>1.694.982</b>

11. Aðrar skammtímaskuldir

	Núverandi ár	Fyrri ár
Ógreidd laun og launatengd gjöld	8.299.829	7.138.852
Fyrirframinnheimtar tekjur	15.023.266	15.072.659
<b>Samtals</b>	<b>23.323.095</b>	<b>22.211.511</b>

*Liðir, sem nema hærri upphæð en 20% af heildinni skulu sýndir sérstaklega*

**TCP 21.1 - /9**  
**Skýringar**

**12. Viðskipti við tengda aðila**

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Nafn	Eðli og umfang viðskipta
Aðalstjórn UMF Fjölnis	Styrkur frá aðalstjórn til knattspyrnudeildar

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Aðalstjórn UMF Fjölnis .....	10.000.000	0	0	0
	10.000.000	0	0	0

Viðskipti við tengd félög árið 2022:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Aðalstjórn UMF Fjölnis .....	31.510.000	0	0	0
	31.510.000	0	0	0



TCP 21.2 - Útreikningur vegna krafna um eignarfjárstöðu og skyldubyrði

Fjárhagslegar forsendur

ÁTT að gildir reður eður krónutekið

Knattspyrnulegar rekrstarækjur síðustu þriggja ára	2023	2022	2021
Knattspyrnulegar rekrstarækjur ársins	165.921.855	194.342.907	172.824.279
Knattspyrnulegar rekrstarækjur ársins	2023	2022	2021
Knattspyrnulegar rekrstarækjur ársins	172.824.279		

Eignð fé í árslok	2023 -	2023	2023
Skuldir og skuldbindingar í árslok	31.173.903	43.052.700	11.878.797
Eignir í árslok	2023	2023	2023
	11.878.797		

**Grein 69 – Jákvæð eignifjárstöða**

Eignð fé í árslok	2023 -	31.173.903
Eignð fé / Rekrstarækjum	2023	19%

Félagið stenst ekki skyldri 69. gr. lími til aðbununar er litið

Félagið stenst ekki ákvarði 54. gr. um jákvæða eignifjárstöðu


**Grein 76 – Hámarkskuldabyrði aðildarfélag**

Skuldir og skuldbindingar / meðalknattspyrnulegra rekrstarækna þriggja ára	24%
--	-----

Félagið stenst skyldri 76. gr.

Eftirlitshósti hefur birt áður er 20% eða unnið frá stöngu félagið skyldri

Gert þann 23. febrúar 2024

  
Gunnar A. Gunnarsson  
Formaður Knattspyrnudeildar

  
Jónas Ólafur Jónsson  
Ódöglicur/Endurskoðandi

Útreikningur á knattspyrnulegum rekrstarækjum

	2023	2022	2021
Miðasala leikja	10.557.048	5.227.900	6.033.340
Sjónvarpsreitur vegna leikja	1.311.728	31.146.212	1.676.673
Styrkir og auðvísningar	25.215.000	47.250.000	42.802.922
Sala veiflína og varnings	7.223.164	4.079.412	1.616.137
Verðisaukafé			
Aðrar óskilgreindar rekrstarækjur af knattspyrnu	116.914.815	86.716.703	109.123.285
Sala leikmanna	4.700.000	19.922.680	11.571.922
Hagnaður af sölu varanlegra rekrstarfárumuna			
Fjármunarekjur			
Knattspyrnulegar rekrstarækjur samtals	165.921.855	194.342.907	172.824.279

LEYFISKERFI KSÍ

TÆKJAKASSI: \_\_\_\_\_ TCP 13.3

**Staðfestingarbréf stjórnenda**



UMF Fjöltnir, knattspyrnudeild  
Reykjavík, 23. febrúar 2024

Deloitte ehf.,  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur

Staðfestingarbréf þetta er skrifað vegna endurskoðunar ykkar á ársreikningi 2023 fyrir UMF Fjölni, knattspyrnudeild (hér eftir nefnt félagið), sem sýnir tap upp á kr. 46.696.872, heildareignir kr. 11.878.797 og neikvætt eigið fé kr. 31.173.903 í þeim tilgangi að gefa álit á því hvort ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.


Okkur er ljóst að við sem stjórnendur félagsins erum ábyrgir fyrir gerð ársreikningsins og skýrslu stjórnar. Við teljum að ársreikningurinn sé í samræmi við reikningsskilareglur á Íslandi og að fullnægjandi upplýsingar séu í skýringum hans. Jafnframt álitum við að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri, efnahag og breytingu á handbæru fé félagsins á árinu.


Við staðfestum að eftirfarandi fullyrðingar eru samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:


1. Við höfum ekki orðið varir við neina atburði sem geta gefið til kynna að vafi sé um rekstrarhæfi félagsins.
2. Það er á ábyrgð okkar að hanna og innleiða innra eftirlit og að fylgja því eftir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur.
3. Við höfum kynnt fyrir ykkur niðurstöður mats okkar á hættunni á að ársreikningurinn innihaldi verulegar skekkjur vegna sviksemi.
4. Við höfum ekki orðið varir við nein mikilvæg atriði sem bent gætu til svika eða vakið grunsemdir um sviksemi sem gætu tengst:
  - a. stjórnendum,
  - b. starfsmönnum sem hafa með höndum mikilvæg störf sem snúa að innra eftirliti eða
  - c. öðrum sem geta haft umtalsverð áhrif á ársreikninginn.
5. Við höfum ekki orðið varir við neinar ásakanir starfsmanna, fyrrverandi starfsmanna eða annarra um sviksemi, eða grun um sviksemi, sem gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn.
6. Í ársreikningnum eru engar verulegar skekkjur, þ.m.t. skekkjur vegna vanrækslu eða yfirsjónar. Við gerum okkur grein fyrir því að við endurskoðunina var óleiðréttum skekkjum í ársreikningnum safnað saman og annmörkum á skýringum og hafa þær allar verið leiðréttar. Við höfum lagt mat á hvort óleiðréttar skekkjur og annmarkar á skýringum hafi veruleg áhrif á ársreikninginn og teljum áhrifin á ársreikninginn óveruleg, hvort sem miðað er við einstakar eða samanlagðar skekkjur.

7. Við höfum veitt ykkur aðgang að bókhaldi félagsins og öðrum gögnum sem þið hafið óskað eftir. Við höfum einnig tryggt að þið hafið haft aðgengi að því starfsfólki innan félagsins sem þið tölduð nauðsynlegt vegna starfa ykkar. Auk þess höfum við veitt ykkur aðgang að fundargerðum stjórnarfundna frá upphafi reikningsársins til þessa dags.
8. Öll viðskipti á reikningsárinu hafa verið færð í bókhald félagsins og koma fram í ársreikningnum. Þau hafa verið í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum félagsins.
9. UMF Fjölur, knattspyrnudeild hefur framfylgt öllum mikilvægum samningsatriðum, sem gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn ef um samningsbrot væri að ræða.
10. Í ársreikningnum eru veittar fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.
11. Við höfum ekki orðið varir við nein lögbrot starfsmanna, sem gegna mikilvægu hlutverki í innri eftirliti eða gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn.
12. Við höfum veitt ykkur upplýsingar um öll brot eða möguleg brot á lögum og reglugerðum sem geta varðað ársreikninginn og haft áhrif á gerð hans.
13. Félagið hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem skýrt er frá í ársreikningnum.
14. Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat séu viðeigandi, þ.á.m. forsendur sem varða mat á gangvirði.
15. Félagið hefur engar þær fyrirætlanir sem geta haft veruleg áhrif á mat eða flokkun eigna og skulda í ársreikningnum.
16. Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum félagsins, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.
17. Í ársreikningnum er greint frá öllum skaðabótakröfum, málaferlum, skattakröfum og öðrum kröfum sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.
18. Félagið er með tryggingar sem taldar eru fullnægjandi til að mæta mögulegum tjónum sem félagið gæti orðið fyrir.
19. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til áhrifa af atburðum eftir reikningsskiladag, ýmist með því að gera viðeigandi leiðréttingar eða veita upplýsingar um áhrif þeirra í skýringum.
20. Loks hafa frekari skýrslur, töflur og upplýsingar verið unnar í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til slíkra gagna í *Leyfisreglugerð KSÍ*.

#### UMF Fjölur, knattspyrnudeild

  
Geir Kristinsson,  
formaður

  
Kári Arnórsson,  
varaformaður

  
Guðmundur L. Gunnarsson,  
framkvæmdastjóri

LEYFISKERFI KSÍ

TÆKJAKASSI: TCP 13.2

Ráðningarbréf endurskoðanda - Könnunaráritun



Eftirfarandi bréf er forskrift að samkomulagi leyfissamsækjanda og endurskoðanda um vinnu við ársreikning félagsins og frekari störf endurskoðanda:

Deloitte ehf.-

Kópavogi, 15. 1. 2024

**Ungmennafélagið Fjölnir, knattspyrnudeild**

Fossaleyni 1  
112 Reykjavík.

**Ráðningarbréf vegna könnunar ársreiknings og framkvæmdar samþykkt verklags**

Þess hefur verið óskað af Ungmennafélaginu Fjölnir, hér eftir nefnt „félagið“ að við aðstoðum við gerð ársreiknings, könnun ársreikning félagsins, og framkvæmum samþykkt verklag vegna sérstakra fjárhagsforsendna fyrir árið 2023. Ársreikningurinn skal útbúinn samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og með sundurliðun um sértæka knattspyrnulega þætti samkvæmt *Leyfisreglugerð KSÍ*. Hann skal kannaður í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Leyfisreglugerðin fjallar einnig um aðrar fjárhagslegar forsendur sem uppfylla þarf.

Með þessu bréfi viljum við staðfesta að það er okkur ánægja að taka að okkur verkefnið og gera grein fyrir skilningi okkar á því í hverju verkefnið felst. Könnunin verður framkvæmd með það að markmiði að við látum í ljós álit á ársreikningnum.

Viðfangsefni okkar er skilgreint í *Leyfisreglugerð KSÍ* og nær yfir eftirtalda þætti:

Ársreikning á uppgjörstigi, fyrir almanaksárið 2023 sem samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi, skýringum og skýrslu stjórnar (grein 50 í reglugerð).

Greiðslutöflur vegna félagaskipta (grein 51).

Greiðslur til starfsmanna eða opinberra aðila / skattafirvalda (grein 52-53).

Rekstraráætlun og skýringar, ásamt greiðsluáætlun (ef þess þarf og farið er fram á það samkvæmt grein 55).

Kannað verður í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2400, um könnun. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins, ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi ályktun í áritun okkar:

„Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 201x og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikning.“

Þess hefur jafnframt verið óskað að við aðstoðum við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022, á grundvelli þeirra upplýsinga sem stjórnendur veita. Við staðfestum að við tökum verkefnið að okkur en viljum vekja athygli á því að gerð ársreiknings félagsins í samræmi við lög um ársreikninga er á ábyrgð stjórnenda félagsins. Í því felst meðal annars að til staðar sé fullnægjandi bókhaldsskráning og innra eftirlit, val og notkun reikningsskilaaðferða og varðveisla eigna félagsins. Hluti könnunar felst í að afla skriflegra staðfestinga frá stjórnendum félagsins á upplýsingum sem Deloitte ehf. eru gefnar vegna könnunarinnar.

Loks hefur verið farið fram á að framkvæmt sé samþykkt verklag fyrir greiðslutöflur vegna félagaskipta (grein 51), greiðslur til starfsmanna eða opinberra aðila / skattfirvalda (grein 52-53), og rekstraráætlun og skýringar, ásamt greiðsluáætlun (grein 55). Við staðfestum að við tökum verkefnið að okkur og munum í áritun okkar staðfesta hvort forsendurnar eru uppfylltar, samkvæmt *Leyfisreglugerð KSÍ*, samanber ISRS 4400 (samþykkt verklag).

Vegna prófana og annarra takmarkana sem óhjákvæmilegar eru við könnun eða framkvæmd samþykks verklags, ásamt þeim takmörkunum sem kunna að vera í upplýsingakerfi og innra eftirliti, er sú hættu alltaf fyrir hendi að einhverjar verulegar skekkjur eða rangfærslur uppgötvist ekki. Ef við hins vegar rekumst á slík tilvik munum við upplýsa ykkur um það.

Auk áritunar á ársreikninginn, samanber grein 51.1 í *Leyfisreglugerð KSÍ*, áformum við að leggja fram áritun vegna framkvæmdar samþykks verklags. Þar munu viðeigandi upplýsingar, eins og lýst er í *Leyfisreglugerð KSÍ*, koma fram fyrir leyfisveitanda.

Við væntum góðs samstarfs við starfsfólk ykkar og treystum því að það láti okkur í té allar skýrslur, gögn og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við gerð ársreikningsins, könnunar og annarrar vinnu. Gjald fyrir þjónustu okkar verður ákvarðað samkvæmt þeim tíma, sem starfsmenn okkar verja í verkið, og nánara samkomulagi.

Siðareglur endurskoðenda krefjast þess að við virðum trúnað gagnvart upplýsingum sem við fáum í starfi okkar og að við höldum óhæði og hlutleysi í samskiptum okkar við viðskiptavini. Eins og lýst er í *leyfisreglugerð KSÍ*, skuldbindum við okkur til að staðfesta óhæði okkar fyrir KSÍ, árlega, skriflega og innan settra tímamarka.

Vinsamlegast undirritið og endursendið viðfest afrit af þessu bréfi til að gefa til kynna samþykki ykkar á skilmálum verkefnisins, þar á meðal hinum sértæku verkefnum sem við höfum fallist á að framkvæma.




Virðingarfyllst,  
**Deloitte ehf.,**

  
Jónas Gestur Jónasson

Staðfest og samþykkt fyrir hönd **Ungmennafélagsins Fjölnis**

Grafarvogur, 15.1.2024

  
Guðmundur L. Gunnarsson, framkvæmdarstjóri

LEYFISKERFI KSÍ

TÆKJAKASSI:

TCP 22.2



Áritun vegna skoðunar á skuldum við starfsmenn

Til Knattspyrnusambands Íslands

Við höfum framkvæmt þær aðgerðir, sem við komum okkur saman um við Ungmennafélagið Fjölnir og taldar eru upp hér fyrir neðan, hvað varðar skuldir við starfsmenn miðað við 31.12.2023, og sýndar eru í meðfylgjandi viðauka. Vinna okkar var framkvæmd í samræmi við alþjóðlegan staðal um tengda þjónustu (International Standard on Related Services) sem viðeigandi er fyrir vinnu sem felur í sér samþykkt verklag. Eftirfarandi aðgerðir voru eingöngu framkvæmdar til að aðstoða Ungmennafélagið Fjölnir við að staðfesta hvort skuldir við starfsmenn séu í vanskilum, eins og þau eru skilgreind í viðauka VII í Leyfisreglugerð KSÍ, miðað við 31.12.2023:


1. Við fengum og bárum saman stöðulista reikningslykla ógreiddra launa og launatengdra gjalda miðað við 31.12.2023, sem var útbúinn af félaginu, við stöðu samkvæmt fjárhagsbókhaldi.
2. Við könnuðum hvort þessar skuldir væru komnar í vanskil miðað við 31.12.2023, skv. skilgreiningu vanskila í viðauka VII í Leyfisreglugerð KSÍ. Sú könnun var framkvæmd með því að afla yfirlita frá Tollstjóra, og kvittana fyrir greiðslum.

Við komum ekki auga á neitt misræmi.

Þar sem ofangreindar aðgerðir flokkast hvorki sem endurskoðun né könnun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla eða alþjóðlegan staðal um könnun ársreikninga, látum við ekki í ljós neitt álit á skuldum við starfsmenn miðað við 31.12.2023.

Niðurstöður okkar eru einungis settar fram í þeim tilgangi sem fram kemur í fyrstu málsgrein þessarar skýrslu og til upplýsinga fyrir ykkur og skal ekki nota eða dreifa til annarra aðila. Þessi skýrsla tengist aðeins þeim reikningsliðum og atriðum sem nefnd er hér að ofan og nær ekki til ársreiknings Ungmennafélagið Fjölnir í heild.

Við staðfestum að við erum einnig kjörnir endurskoðendur ofangreinds aðildarfélags. Verkefni eru framkvæmd óháð hvort öðru.

  
Jónas Gestur Jónasson  
23. febrúar 2024

LEYFISKERFI KSÍ

TÆKJAKASSI: TCP 22.1

Áritun vegna skoðunar á viðskiptaskuldum vegna félagaskipta



Til Knattspyrnusambands Íslands

Við höfum framkvæmt þær aðgerðir, sem við komum okkur saman um við Ungmennafélagið Fjöltnir og taldar eru upp hér fyrir neðan, hvað varðar viðskiptaskuldir vegna félagaskipta miðað við 31.12.2023, og sýndar eru í meðfylgjandi viðauka. Vinna okkar var framkvæmd í samræmi við alþjóðlegan staðal um tengda þjónustu (International Standard on Related Services) sem viðeigandi er fyrir vinnu sem felur í sér samþykkt verklag. Eftirfarandi aðgerðir voru eingöngu framkvæmdar til að aðstoða Ungmennafélagið Fjöltnir við að meta hvort viðskiptaskuldir vegna félagaskipta væru í vanskilum, eins og þau eru skilgreind í viðauka VII í Leyfisreglugerð KSÍ, miðað við 31.12.2023:


1. Við fengum og bárum saman stöðulista viðskiptaskulda vegna félagaskipta miðað við 31.12.2023, sem var útbúinn af félaginu, við stöðu viðskiptaskulda vegna félagaskipta samkvæmt fjárhagsbókhalði.
2. Við fengum greiðslutöflu vegna félagaskipta og gengum úr skugga um að tafla um útistandandi kröfur vegna félagaskipta væri í samræmi við hana.
3. Við könnuðum hvort þessar skuldir væru komnar í vanskil miðað við 31.12.2023, skv. skilgreiningu vanskila í viðauka VII í Leyfisreglugerð KSÍ.

Við komum ekki auga á neitt misræmi.

Þar sem ofangreindar aðgerðir flokkast hvorki sem endurskoðun né könnun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla eða alþjóðlegan staðal um könnun ársreikninga, látum við ekki í ljós neitt álit á viðskiptaskuldum vegna félagaskipta miðað við 31.12.2023.

Niðurstöður okkar eru einungis settar fram í þeim tilgangi sem fram kemur í fyrstu málsgrein þessarar skýrslu og til upplýsinga fyrir ykkur og skal ekki nota eða dreifa til annarra aðila. Þessi skýrsla tengist aðeins þeim reikningsliðum og atriðum sem nefnd eru hér að ofan og nær ekki til ársreiknings Ungmennafélagið Fjöltnir í heild.

Við staðfestum að við erum einnig kjörnir endurskoðendur ofangreinds aðildarfélags. Verkefnið eru framkvæmd óháð hvort öðru.

  
Jónas Gestur Jónasson  
23. febrúar 2024

